GILDI
lífeyrissjóður

Starfsemi á árinu 2009

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2009	31.12.2008
Verðbréf með breytilegum tekjum	79.975	70.713
Verðbréf með föstum tekjum	120.167	106.194
Veðlán	14.407	13.444
Bankainnstæður	17.937	21.809
Kröfur	1.853	1.706
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	232	226
Skuldir	-7.265	-5.150
Hrein eign til greiðslu lífeyris	227.306	208.942

Breytingar á hreinni eign:	2009	2008
Iðgjöld	10.840	11.354
Lífeyrir	-7.884	-6.671
Framlag ríkisins vegna örorku	965	614
Fjárfestingartekjur	14.821	-34.231
Fjárfestingargjöld	-146	-138
Rekstrarkostnaður	-272	-265
Aðrar tekjur	40	47
Hækkun á hreinni eign á árinu	18.364	-29.290
Hrein eign frá fyrra ári	208.942	238.232
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**227.306**	**208.942**

Kennitölur:	2009	2008
Nafnávöxtun	6,8%	-14,8%
Raunávöxtun	-1,5%	-26,6%
Hrein raunávöxtun	-1,7%	-26,7%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	-1,0%	2,1%
Eign umfram heildarskuldbindingar (%)	-11,6%	-13,0%
Eignir í ísl. kr. (%)	66,1%	64,7%
Eignir í erl. gjaldmiðlum (%)	33,9%	35,3%
Fjöldi sjóðfélaga	25.521	26.441
Fjöldi launagreiðenda	4.033	4.327
Fjöldi lífeyrisþega	14.552	12.850

Afkoma

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2009 var 6,8% sem jafngildir -1,5% raunávöxtun. Meðaltal raunávöxtunar sjóðsins s.l. 5 ár er -1% og 2% sl. 10 ár. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 0,9% og erlendra hlutabréfa sjóðsins 36% í íslenskum krónum, en til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 34,5%. Raunávöxtun skuldabréfa var -3% og skýrist neikvæð ávöxtun af niðurfærslum á skuldabréfum fyrirtækja og fjármálastofnana.

Tryggingafræðileg staða - tillaga um lækkun réttinda

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur og er því ekki skylt að breyta réttindum sjóðfélaga. Það er hins vegar markmið að reka sjóðinn þannig að staða hans sé sem næst því að vera í jafnvægi. Stjórn Gildis hefur ákveðið að leggja fyrir ársfund tillögu um að áunnin réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 7% frá 1. janúar 2010. Lækkun á greiðslum til lífeyrisþega komi til framkvæmda í tvennu lagi, 3,5% 1. júní 2010 og 3,5% 1. nóvember 2010.

Réttindi voru lækkuð um 10% á árinu 2009 en hækkuð um 10% 2007 og 7% árið 2006 umfram vísitöluhækkanir, en lífeyrisréttindi eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og breytast lífeyrisgreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

Séreign

Árið 2009 einkenndist af útgreiðslum úr séreignardeild vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um lífeyrissjóði. Breytingin heimilaði sjóðfélögum yngri en 60 ára að taka allt að 1 milljón króna út úr séreign á 9 mánuðum. Alls voru greiddar úr séreignardeild á árinu 550 milljónir króna og þar af voru 350 milljónir vegna lagabreytingarinnar.

Hrein eign séreignardeildar í árslok 2009 var 2.461 milljón króna og hafði lækkað um 27 milljónir króna frá fyrra ári. Raunvöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I 8% (nafnávöxtun 17,2%), Framtíðarsýn II 0,8% (nafnávöxtun 9,5%) og Framtíðarsýn III sem er verðtryggður innlánsreikningur bar að meðaltali 5,2% raunvexti á árinu 2009.

Ársfundur 2010

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 28. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík.

Stjórn sjóðsins.

Vilhjálmur Egilsson, formaður
Friðrik J. Arngrímsson
Heiðrún Jónsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Sigurður Bessason, varaformaður
Guðmundur Ragnarsson
Konráð Alfreðsson
Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

TUNDRA auglýsingastofa